 - nýta hann sem göngu-/hjólaleið frá þéttbýlinu á Klébergi til miðbæjarins
- Kynna fyrir börnum og fullorðnum hvar öruggt er að fara upp á Esjuna
 - uppganga er víða varasöm
- Skipuleggja svæðið í Blikadal fyrir útivist – göngu og reiðstíga
 - afmarka beitarhólf, skógrækt og almenna útivist
 - tengja svæðið við þéttbýlið
- Sjá til þess að skólalóðin og ýmis auð svæði í byggðinni verði betur hirt
 - skjólveggir (til dæmis manir) til að gróðurinn dafni.
 - trén á skólalóðinni eru að kafna í órækt

Samgöngur og samgöngumannvirki

- Tvöföldun Vesturlandsvegur
- Setja lýsingu á Vesturlandsveginn
- Gera gönguleiðir meðfram strandlengju niður í Mosfellsbæ

- Setja upp vindmanir meðfram hættulegustu vegarköflunum
- Bæta inn-/ útkeyrslur á Vesturlandsvegi
 - setja upp lýsingu á inn-/ útkeyrslum
- Bættar samgöngur
 - til dæmis þrír strætisvagnar til þjónustumiðstöðvar Miðgarðs

Hestar

- Burt með hesta úr Esjunni
- Skipuleggja hesthúsahverfi
- Tryggja reiðleiðir

Veðurvarnir

- Fjölga þarf veðurupplýsingaskiltum á Vesturlandsvegi
- Stækka skjólbelti
- Borgin gróðursetji 30 metra breytt skjólbelti austan þjóðvegjar
 - vörn – vegur - byggð
- Setja upp sjóvarnargarða þar sem landbrot er
 - nýta þá líka sem gönguleið

Annað

- Tryggja að 116 Reykjavík verði ein skipulagsheild, sem skiptist í hverfi og útbyggð
 - þó hluti af þjónustu Reykjavíkurborgar
- Það þarf að lagfæra opna svæðið fyrir ofan Helgugrund 8 og 10. Nú er þetta óræktarsvæði.

Þar þyrfti að setja t.d. 1-2 tvær rólur eða körfuboltakörfu. Niðurfall á svæðinu er líka á kafi í drullu.

Háaleiti

Hjartans mál

Fram og hverfiskrá:

- Fram fari ekki úr hverfinu
- Setja upp svæðiskrá í göngufæri frá íbúðabyggð eldri borgara
 - við Sléttuveg, Efstaleiti, Miðleiti, Neðstaleiti eða einhversstaðar á því svæði

Umferð

- Umferðarskipulag Háaleitisbrautar (austan og vestan) verði endurskoðað
 - staða hennar sem íbúagötu verði tryggt
 - tekið verði tillit til þess að Háaleitisbraut er þriðja fjölmennasta íbúagata borgarinnar
- Halda góðum tengslum í gegnum hverfið inn á þrjú helstu útivistarsvæði borgarinnar
- Bæta flæði Miklubrautar til að lätta umferð af Bústaðarvegi og aðrar götur hverfisins

Breiðholt

Hjartans mál

- Gera meira úr sleðabrekkunum
 - Tóftin af gamla Breiðholtsbænum (á Alaskareit)
 - hlaða upp gamla torfbæinn
 - kennslustaður fyrir grunnskólabörn
 - setja upp upplýsingaskilti
- almennt þarf að samræma stefnu um að gera gömlu bæina sem hverfi borgarinnar eru kennd við, hátt undir höfði
- Laga lítil torg við lönguvitleysu göngustíginn
 - Laga frágang og umhverfi við Æsufell
 - Fegra horn Bakkahverfisins meðal annars með útilistaverkum
 - Slétta meli og gera „leikvöll“ í jaðri Elliðaárdalsins
 - Gera skíðabrekkuna hærrí og betra íþróttasvæði þar sem verði hugað að jaðaríþróttum
 - til dæmis þrautabraut fyrir skólahreysti

Mannvirki

- Tengja Álfabakka yfir í Kópavog
 - Breyta útafkeyrslu af Garðheimastæði, setja nýja í átt að þvottastöðinni
 - Bæta göngutengsl frá Stekkjum að Garðheimum
 - Útafkeyrsla frá Garðheimum á röngum stað, breyta henni form sem er í skipulagi
- Gatan of há miðað við hús í Lambaseli 40-42

Annað

- Taka upp og undirstrika gæði Breiðholtsins
- Menning og mannlíf í kjarnanum
- Borgin þarf að fjárfesta í kjarnanum
- Merkja Jafnasel sem „slökkviliðsstöð?“

Hlíðar

Hjartans mál

- Tryggja hreint loft – í dag er óviðunandi loft- og hljóðmengun
 - Standa vörð um grænu svæðin
 - Vernda Öskjuhlíð fyrir gangandi og hjólreiðar
 - Huga betur gróðri í Öskjuhlíð
 - Bæta aðgengi að Klambratúni
 - Íbúar skipuleggi tiltektardaga
 - grill og gleði eftir tiltekt
 - gott tækifæri til að kynnst öðrum íbúum og auka öryggi
 - Huga að auðum svæðum – rækta óræktarbletti
 - Götuhreinsun til að minnka svifryksmengun
- Setja reglur varðandi hreinsun, t.d. bannað að leggja á ákveðnum svæðum þegar gatan er hreinsuð

Hverfisstemming

- Auka þarf hverfisvitund íbúa Hlíða
 - PR fyrir íbúana sjálfa
 - skilgreina hvernig hverfi við viljum búa í
 - samfélagsleg ábyrgð á til dæmis: endurvinnslu, göngum, hjólum, nýta nágrenið og nágannana
- „Skottmarkaður“ festur í sessi (í september ár hvert)
 - bílum lagt við Kjarvalsstaði og íbúar seldu varning úr skottum bíla sinna
- Hlíðarnar eru frábært hverfi að búa í
 - Kringlan
 - miðsvæðis
 - græn svæði (að minnsta kosti þrjú stór)
 - góðir skólar
 - fyrsta vistvæna lágvöruverslunin!

Mannvirki

- Setja Miklubraut í göng og nýta svæðið sem vinnst til að þetta í takt við ríkjandi byggð
- Félagsmiðstöð á Miklatún á athafnasvæði Reykjavíkurborgar þar sem hverfamiðstöðin er núna. Hún þjónar ekki Hlíðunum og ætti því að vera staðsett annars staðar
- Útisundlaug
- Breyta 365 ljósvakamiðlum í þjónustu- og verslunarkjarna

Umferðarmál

- Byggja upp strætómenningu
- Lækkaður umferðarhraði
- Umferðarstýringu sem byggir á mengunarmælingum
- Standa við loforð um hljóðmön við Miklubraut
- Burt með nagladekk
- Hefta gegnumstreymi innan hverfis
- Hvernig leysa á umferð við HR

Þjónusta

- Fleiri hverfisverslanir og kaffihús
- Fá „Melabúðina“ í hverfið
- Fyrirhuguð þétting byggðar í Holtunum er of mikil (Einholts – Þverholts reit)
- Það vantar þjónustukjarna eða minni „Bónus/ Krónan“

Vesturbær

Hjartans mál

- Útivistarsvæði hönnuð í samhengi við íbúðabyggðina og þarfir hennar
 - Ægissíðan
 - bílastæði
 - hanna svæðið að landslagi
 - afdrep fyrir börn
 - Vesturbæjarlaug
 - líkamsræktarstöð
 - frístundahús, lítið áberandi og að hluta niðurgrafið
 - ýmsa afþreyingu
 - Keilugrandi 1
 - fyrir íþróttaiðkun með KR
- Þétting byggðar
 - ekki aðalatriðið heldur að gera það sem fyrir er lífvænlegra
- Gatnagerð
 - gerð nýrra gangstétta sem eru heilar og líka fyrir aldraða
- Nýtt deiliskipulag frá Vesturbæjarlaug að Suðurgötu
- Vesturbærinn er í raun tvö hverfi með álíkar þarfir og áherslur
 - 101 er í niðurníðslu
- Það þarf að huga að útivistarsvæðum og tengingum þeirra á milli
- Með vel hönnuðum götum má lækka umferðarhraða án hraðahindrana
- Borgin geri svipað átak í Vesturbænum og í 101 varðandi lagfæringu á húsnaði
- Það þarf að bæta tengingar hverfa 101 og 107, til dæmis vegna íþróttaiðkunar
- Fleiri leiksvæði (sparkvelli) í gamla Vesturbæinn, norðan Hringbrautar
 - jafnvel 2-3 svæði
- Það þarf að bæta viðhald á róluvöllum, sérstaklega á Héðinsvelli
 - almennilega lýsingu
 - fegrun

- stórar rennibrautir
- Héðinsreitinn þarf að laga strax
- Það þarf að taka þjóðgarðinn í gegn
- Það þarf að bæta umhirðu garða, girðinga o.s.frv.
- þetta eru menningarverðmæti samanber til dæmis allan Hólavallagarð
- Bæta þarf tengingu HÍ við Hljómskálagarðinn
-

Örfirisey þolir ekki mikla fyllingar vegna þess að ekki er pláss fyrir aukna umferð

- það þarf að leysa þéttingu byggðar með öðrum hætti
- Hætta við núverandi Mýrargötuskipulag
- Kaffihús og verslun heim í hérað
- Veitingahús með heimamat í hverfið
- Þétting er líka að nýta skólana betur
- Sjósundaðstaða og kaffihús á Ægissíðu

Aukin græn stefna

- Meiri gróður
- Fleiri græn svæði
- Innisundlaug
- Þróttarmerkið burt
- Endurtaka Melarokk
- Meira líf í hafnarsvæðið með til dæmis sjávarmarkaði og fiskiveitingastað

Skólar

- Við Melaskóla þarf að byggja til framtíðar yfir frístundaheimili og skólahljómsveit
- eykur líkur á samþættum vinnudegi barna
- Við Vesturbæjarskóla þar að endurgera gamalt hús við Vesturvallargötu fyrir frístundaheimili
- Í Hagaskóla þarf að auka aðstöðu og gera endurbætur innanhúss fyrir frístundir unglunga
- Í Frostaskjólí vantar stærra húsnæði fyrir frístundamiðstöðina
-
- Byggja hús frítímans á túni Vesturbæjarlaugar
- Huga að ungbarnaskóla fyrir 6-9 ára í Skerjafirði
- Betri aðstaða fyrir börn á frístundaheimilum

- húsnæðið verði lagaða að nútíma kröfum

Umferðarskipulag

- Gera sumar götur að vistgötum
- Flugvöll á Bessastöðum
 - Löngusker eru fáránleg hugmynd
- Flugvöllinn áfram í Vatnsmýri
- Hjólabraut á Hofsvallagötu og Túngötu og í miðbæinn
- Koma bílunum út úr hverfunum með auðveldum hætti
 - skipuleggja greiðari göngugötur inn og úr hverfunum
- Fleiri hjólastíga og fækkun bílastæða
- Bættar almenningssamgöngur
- Frítt í strætó fyrri námsmenn
- Hvatakerfi fyrir aukna nýtingu almenningssamgangna
- Innleiðing hærri gjaldtöku á bílastæðum og hærri sektir
- Það vantar örugga lausn fyrir akstur í gegn um hverfið
 - Hringbraut í göng/ stokk/ brú og Mýrargatan
- Hofsvallagata „Boulevard“ verði nýtt fyrir þjónustu, mannlíf og gróður

Byggingar og þjónusta

- Okkur vantar borgarhús að kaupmannshafniskri fyrirmynd
 - það má virkja skólana
- Ekki byggja há hús
 - leyfum sólinni að njóta sín og espum ekki vinda
- Friða Steindórshúsið/ Byko og fá markað þangað
 - beint frá bónda
- Fleiri hverfisfundi

Miðborg

Hjartans mál

Útivist og umhverfi

- Hvernig öðlumst við ást á nærumhverfinu?
 - með því að bera virðingu og ábyrgð á nærumhverfi og mannlífi
- Setja upp nettengingar og fleira til að gera ýmis torg og svæði „mannlegri“, gömlum svæðum til góða
- Setja aspir eða önnur tré og þetta runna að Tjarnarbrúnni til að búa til skjól
- Planta aftur trjám syðst á lóð MR sem vindbrjótar
- Setja skjólveggi fyrir vind með reglulegu millibili á ýmsum stöðum, til dæmis á Laugavegin
- Garðyrkjudeild borgarinnar á þakkir skilið fyrir það hvað hún heldur borginni fallegri
- Það þarf að bæta skólalóðina við Austurbæjarskóla svo litlu börnin hafi meira að gera

Mannvirki

- Ganga frá Olísplaninu hið fyrsta og setja skjól norðanmegin meðfram því
- Það þarf að virða gömlu húsin
 - í þeim felast menningarverðmæti
- Nýbyggingar þurfa að taka mið af eldri húsum í nágrenninu og að nýbyggingar beri ekki gömul hús ofurliði
- Taka mið af hæð eldri húsa þegar byggð eru ný mannvirki í gamla bænum
- Ekki byggja nýtt sjúkrahús á Háskólalóð, heldur flytja spítalann upp á Höfða
 - hér er ekki pláss

Passa að búa ekki til skuggavarp

Umferðarmál

- Umferðaröryggi
 - göngugötur á Laugavegi og Skólavörðustíg
- Það þarf að hægja á umferð
 - gangandi og gangstéttir fái forgang á akandi umferð
- Setja fleiri hraðhindranir á Skúlagötuna

Annað

- Það þarf að benda skattborgurum á að þeir spara skattpeninga ef þeir ganga vel um
- Koma í veg fyrir veitingahúsaómenningu
 - það þarf að breyta opnunartíma
- Það þarf að koma fyllerispakkinu úr miðbænum í úthverfi
 - þeim fylgir sóðaskapur sem á ekki heima í íbúðahverfi miðbæjarins
 - ekki setja bændur graðhesta í girðingu við svefnherbergisgluggann hjá sér
- Reka þá erlenda borgara úr landi sem verða uppvísir að síendurteknum þjófnaði



LÍFSGÆÐI

Grafarholt

Lífsgæði

Tryggja ómengað loft

- Hellisheiðarvirkjun mengar mikið í Úlfarsárdal

Mengun er við Leirtjörn vegna torfæruaksturs sem þarf að bregðast við Úlfarsá fyrir fjölskylduveiði

Leirdalur

Stækka fótboltavöll

Bæta við körfubolta- og blakvelli

Húsnæði fyrir félagsaðstöðu

Úlfarsárdalur

Minni framkvæmdir nú, frekar en stærri síðar

Golfvöll austur að Hafravatni

Gönguleiðir með stöðvum (RFID- örmerki til að taka tíma) þróað í samvinnu við golfvöllinn

Útivist

Viðhalda og tryggja þarf útivistargæði í Úlfarsfelli

Græða upp opin svæði (sá í auðar lóðir)

Auðar lóðir verði græn svæði þar til byggt verði vegna slyshættu af hálfnuðum framkvæmdum

Úlfarsfell er í niðurníðslu. Það þarf að tryggja útivistargæði og skipuleggja stíga

Aðstaða

Félagsstarf þarf að bjóða upp á fyrir allan aldur

Íþróttamannvirki mega ekki vera ljótar skemmur – tengja þarf þau t.d. við list

Tryggja þarf mannlíf í bland við íþróttamannvirki:

- Lífsgæði aukast

-

Forvarnargildi er mikið

- „Skutl“ minnkar
- Bætt lýðheilsa

Greiðari samgöngur

Barnvænt umferðaröryggi

Fjölga listaverkum í umhverfinu

- t.d. lopapeysumynstur efst á tankana

Hvetja til samkeppni á matvörumarkaði „miðsvæðið“

Minna majones (KFC)

Hverfið

Tryggja sjálfbær hverfi

Burt með bensínstöðina úr miðju Grafarholts

Koma á hringakstri um hverfið (strætó)

Lífsgæði

- Aðalskipulag til ársins 2050 þarf að taka mið af „alvöru“ sjálfbærni

Árbær

Lífsgæði

Græn svæði

- Ekki hrófla við Elliðaárdal
- Rauðavatn verði ný Nauthólfsvík

Útivist

- Bætt útivistarsvæði við Rauðavatn
 - til dæmis göngu-/ hjólastígar, skautasvell, strandblak, vatnasport – ekki íbúðir eða atvinnuhúsnæði

Aðstaða

- Stækka kirkju og kirkjusali til afnota fyrir hverfisbúa
- Bæta/ fjölga þarf félagsmiðstöðvum
- Bæta þarf áhorfendaaðstöðu við Fylkisvöll
- Tryggja þarf öruggari tengingar milli hverfa
 - Ártún, Árbær, Selás, Norðlingaholt og Hádegismóar

Laugardalur

Lífsgæði

Græn svæði

- Grænt hverfi er sérkenni fyrir hverfið
 - það þarf að efla þá vitund
- Bæta þarf umgengni
 - tryggja minna af glerbrotum á hjólastígum

Útivist

- Það þarf að vera auðvelt að ganga og hjóla milli þjónustupátta
- Hverfið á að vera blandað/ sjálfbært
- Það mætti koma meira líf í Laugardalinn á veturna

Aðstaða

- Það eru stuttar vegalengdir í þjónustu
 - sem minnar þörf á bílum
 - sem eykur gæði tíma
- Meira af litlum hverfisverslunum
 - geta gengið í búðina
 - gefur hjarta í hverfið

Hverfið

- Það er jákvætt að þetta byggð
- Það er góð hverfisvitund í hverfinu
 - Merkja hverfishlutana sem lið í að efla vitund og bjóða fólk velkomið í hverfishluta

Umferð

- Minni umferð og takmörkun á notkun nagladekkja minna svifryk og betri/góð heilsa

Grafarvogur

Lífsgæði

Græn svæði

- Almenningsgarður – með ræktuðu umhverfi í kring
- Vernda fuglalíf á Keldum

Útivist

- Almenn lýsing – t.d. í kringum skóla, Miðgarð, kirkjugarð
- Góðir hjólreiðastígar

Aðstaða

- Menningarmiðstöð
- Korpúlfsstaðir verði menningarhús
- Bókasafnið verði fært á stað sem allir hafa aðgang að

- Taka þarf ákvörðun um Sundabraut
- Koma þar á tengingu við Korputorg um Fossaleyni
- Ekki þetta byggð í Grafarvogi
- Ekki byggð á Keldum og í Keldnaholti
- Þetta byggð miðsvæðis
- Burt með skátana úr Logafold – þeir eru umhverfissóðar
- Það vantar sorpmóttöku í hverfið – Gufunes
- Ekki breyta skipulagi í Húsahverfi
- Það þarf að fá bráðamóttöku í Grafarvoginn
- Það vantar vinnubúð í hverfið
- Ekki breyta neinu – sparnaður

Kjalarnes

Lífsgæði

Græn svæði og náttúruöfl

- Möguleiki er á stórum plássfrekum útivistarsvæðum
- Sérstaða er í nálægð við sjóinn og útsýni
 - það er stutt í fjölbreytta náttúru
- Grænt svæði er innan hverfis sem hægt er að bæta fegra svæðið við Vallárlæk, með tré/ runnum/ tjörn sem er tengd við íþróttaiðkun og skólasvæðið og góðum tengingum við stígkerfi hverfisins
 - Fjölbreytt veðurfar

Íþrótt og félagslíf

- Efla íþrótt og félagslíf grunnskólanema og auka fjölbreytni
 - forsenda þess að íbúum fjölgi á svæðinu
- Íþróttamannvirki, sundlaug, almenn þjónusta
- Íþróttamiðstöð
 - opnunartími sundlaugar sé sá sami og í öðrum hverfum borgarinnar og þjónustan sambærileg

Umferð og samgöngur

- Umferðaröryggi eru hluti af lífsgæðum
- Fá Sundabraut til að sleppa við „spæleggin“
 - styttnir allar vegalengdir
 - fá tvær leiðir út úr Reykjavík í norðurátt vegna almannavarna
 - flýta íbúafjölgun í hverfinu sem er nauðsynlegt til að styðja við fjölbreyttari þjónustu
- Almenningsamgöngur
 - tíðari ferðir strætó
 - Athuga möguleika á leigubílaþjónustu á vegum Strætó bs
 - Fjölga stoppistöðvum með útskotum á Vesturlandsvegi
 - fá stoppistöð neðar í hverfið það er við hringtorgið eins og áður var

Hverfin

- Í kjarna sé öflug verslun og þjónusta sem stytta vegalengdir
 - það vantar fleira fólk til að reksturinn beri sig
- Dreifð byggð með vistvænum búsetumöguleikum
 - sem valkostur við þéttbýli borgarinnar
- Byggðin má ekki vera of þétt

Háaleiti

Lífsgæði

Græn svæði

- Halda Fossvoginum sem grænu svæði
- Halda Grundargerðisgarði
- Undirgöng til að bæta aðgengi að Elliðaárdal
- Garðaflötin
- Viðhalda Gróðrarstöðinni Mörk sem grænu svæði

Umferðarmál

- Það þarf að hugsa málin upp á nýtt með tilkomu rafmagnsbíla
- Koma fyrir gróðri á miðeyju Miklubrautar og Bústaðavegar
- Það hefur verið skelfileg þróun í deiliskipulagsmálum
 - það er þörf á að skipuleggja götur og gatnamót með gangandi og hjólandi umferð í huga
 - hætta að skipuleggja umferðargatnamót eingöngu á forsendum einkabílsins
- Svifryksmengun er til vandræða
 - hætta að salta götur og stíga
 - banna nagladekk
- Grensásvegur „alley“ verði trjágata
- Bensínstöðvar eiga ekki heima í íbúðahverfum
- Loka Bústaðavegi við Reykjanesbraut
- Minnka hávaða frá bílaumferð
- Setja upp hljóðmanir við Reykjanesbraut
- Flugvöllinn burt vegna hávaðamengunar
- Minnka hávaða frá flugvélum
- Þýðingarmikið að hafa flugvöllinn áfram á sama stað

Aðstaða

- Það vantar fleiri smábúðir bæði fyrir matvöru og annað

- Fyrir lífsgæði í dalnum vantar meira samstarf við Kópavog við að halda dalnum við
 - minni mengun
 - breyta umferðinni
 - minni hávaði – bæta við mönum
- Lífsgæðin felast í að tengja grænu svæðin betur við hverfin með öruggum gönguleiðum
- Það þarf að skipuleggja öruggari tengingar við Kringluna (Kringlumýrarbrautina)

Hverfið

- Nýta möguleika á hesthúsasvæðinu
- Aðgangur að drykkjarvatni, vatnspóstum í dalnum
- Tækifærin liggja í dalnum
 - setja upp til sundlaug
- Sundlaug við Sléttuveg/ vatnagarður
- Sundlaug í hverfið, við Borgarspítalann
- Auka samkennd í hverfinu
 - markaðir
 - hátíðir
 - jólaskreytingar á fleiri götum
 - vistgötur

Breiðholt

Lífsgæði

Græn svæði

- Vernda náttúruna og nýta hana á skynsamlegan hátt
 - huga að grisjun
- Breiðholtið þarf að fá ímynd sem náttúruparadís, sem þarf að vekja athygli á
- Vernda græn svæði sem umlykja hverfið
- Hanna og móta útivistarsvæði í Elliðaárdal neðan Stekkjabakka
- Vistvæn lífsgæði á grænum svæðum
 - garðrækt
 - samvinna ungra og eldri íbúa
 - skapa aðstæður fyrir samstarf kynslóða sem byggja á reynslu í Breiðholti 3

Útivist

- Það þarf að merkja og lýsa gönguleiðir betur
 - Setja upp fleiri ruslafötur og bekki
 - Það þarf að byggja upp fyrirmyndaraðstöðu á skíðasvæðinu við Jafnasel fyrir bæði vetrar- og sumarútivist
- Byggja upp útiviðveru og íþróttaaðstöðu fyrir neðan Stekkjabakka (nær Elliðaárdal)
- til þess að efla almenningsíþróttir fyrir börn og fullorðna
- púttvöllur, skautar, strandblak og fleira
 - tengja svæðið við göngustígahverfi borgarinnar
- Endurgera göngustíginn og torgin á honum á stígnum sem er bak við „lönguvitleysu“

Hverfin

- Hlúa að kjörnunum – Austurberg – Arnarbakki – Lóuhólar
- Halda í nærþjónustuna og efla hana
 - fjölbreytt þjónusta er mikilvæg
- Það þarf að bæta tengingar milli efra- og neðra Breiðholts
- Það þarf að bæta samgöngur innan hverfis – til dæmis með frístundastrætó

- tengja hverfamiðjurnar saman
- Efla og þróa almenningssamgöngur í samráði við notendur
- Bekkjavæða hverfið í samráði við íbúa og stjórnendur stofnana og heimila
- Tryggja fjölbreytileika í íbúasamsetningu og íbúðasamsetningu
- Það mætti kaupa upp íbúðir og breyta í stúdentaíbúðir
það myndi gera félagsgerðina fjölbreyttari og leiða til þess að nemendasamsetning skólanna verður ekki eins einsleit
-
- Huga að endurskipulagningu Eddufellsins – Jafnvel að rífa það
- Það mætti rífa stigaganga í lönguvitleysu – Völvufell sunnan við Norðurfell
- Það mætti rjúfa blokkina í Þórufellinu
- Rífa húsið sem „blokkerar“ Markúsartorgið frá Austurberginu
- Setja upp lögreglustöð, miðsvæðis í hverfið
- Gera Breiðholtið að fyrsta „Slow movement“ hverfi í Reykjavík

Aðstaða

- Það leysir margt að bæta gatnamótin við Bústaðarveg
- Í Mjóddinni er hægt að þétta byggð og byggja upp öflugan verslun og þjónustu
- Mjóddin er miðpunktur höfuðborgarsvæðisins (þ.m.t. Suður-Mjódd)
- Fá strætóbílastæði (kjallara) svo fólk sjái hag í því að nota strætó betur
- Hverfisbúar taki strætó niður í miðborg og á aðra staði í borginni
- Efling á líkamsræktaraðstöðu fyrir aldraða með aðgengi í öll íþróttamannvirki í hverfinu
- Efla starf kirkjunnar eins og í Guðríðarkirkju

Hlíðar

Lífsgæði

Græn svæði

- Ekki þetta byggð of mikið
 - of há hús eyðileggja gæði þeirra sem eru fyrir
- Flugvöllinn burt – byggja íbúðir í Vatnsmýrinni
- Kaffihús, búðir, kebab-búllur, grænmetissalar
- Byggja grænar, bílastæðalausar íbúðir
- Viðhalda þeim lífsgæðum sem fyrir eru og bæta við þau
- Göngugötu

Útivist

- Fjölnota menningarmiðstöð á Klambratúni sem virkjar túnið með lifandi viðburðum
 - veitingasala og tónleikar
 - til þess þarf meira skjól

Umferðarmál

- Skipulagslega er vægi bílsins of hátt, á kostnað annarrar umferðar
- Skiljum bílinn eftir heima – Breytingar byrja heima hjá fólki
- Almenningsamgöngur sem „virka“ sem raunhæft val
- Hljóðvist – setja upp hljóðmön meðfram Kringlumýrarbraut
- Göngubrú frá Suðurveri yfir í Kringlu sem auðveldar aðgengi að „kjarna“
- Gegnumstreymisumferð inní hverfinu þarf að hindra –er vaxandi vandamál vegna álags á aðalæðum
- Setja göng undir götur (sjá kort)
- Gjaldskylda fyrir bílastæði víðar í hverfið
- „Þrengslagata“ eins og í London
- Hámarkshraði á Kringlumýrarbraut verði hvergi hærra en 60 km/klst

Umhverfið

- Í skipulagsmálum þarf að huga að jákvæðum og neikvæðum kröftum
- Ákveðnir hlutir eða form geta haft neikvæð áhrif á jákvæð svæði og fólk
- Það er hægt að reikna út hvar jákvæð og neikvæð svæði eru og eru fræðin til hjá katólsku kirkjunni
 - með því að huga að þessum málum má ná þeim árangri að:
 - glæpum fækkar
 - samskipti batna
 - styrkur hjónabanda batnar

Aðstaða

- Sundlaugar eru hluti af lífsgæðum
 - þær þurfa að vera barnvænar

Vesturbær

Lífsgæði

Græn svæði

- Gamli kirkjugarðurinn
- Gera Hagatorgið að grænu svæði með tengingu við aðliggjandi skóla
- Við höfum mikil lífsgæði og þurfum að passa upp á að missa ekki grænu svæðin

Útivist

- Göngu- og hjólaleiðir
- Kyrrð
- Nálægð við höfn og sjó
- Ströndin sjórinn og saltið

Aðstaða

- Virkir foreldrar hafa áhrif á virkni barna í íþróttum sem er hluti af lífsgæðum barna
- Sund og íþróttasvæði
- Nálægð við Háskóla
- Góð heilsugæsla
- Þjónusta innan hverfisins
- Gera þarf öllum kleift að stunda íþróttir
 - tryggja gott aðgengi fyrir börn
- KR svæðið er hjarta frístundastarfs í Vesturbænum

Hverfið

- Lífsgæði eru óvída betri en í Vesturbænum og það þarf að passa upp á þau
- Nálægð við miðbæinn

Umferðarmál

- Hringtorg án grjóts og með yfirsýn

- Hringbrautin í stökk eða aðrar lausnir sem bæta aðgengi milli gamla og nýja Vesturbæjarins
- Öruggar og einfaldar göngu- og hjólaleiðir yfir stofnbrautir
- Það eru lífsgæði að Vesturbærinn er eitt af fáum svæðum borgarinnar þar sem hægt er að vera án bíls

Nágrannasveitarfélög

- Sameina sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu

Miðborg

Lífsgæði

Útivist og græn svæði

- Það þarf að staldra við og endurskoða stöðuga skerðingu náttúrulegra útivistarsvæða
 - HR setur til að mynda stórt strik í upplifun útivistar í Nauthólsvík
 - það sama á við um stöðuga skerðingu Laugardals
- Skapa ber skilyrði til að njóta útiveru í birtu og skjóli
 - fallegar byggingar
 - ekki háar byggingar
 - búa til skjól
- Koma upp leikvöllum og útivistarsvæðum með mismunandi hlutverk í hverfin
- Það eru lífsgæði að geta gengið niður Laugavegin (með börn)

án þess að þurfa að anda að sér svifryki frá nagladekkjaumferð

- Nýta torgið á Óðinstorgi með möguleika á markaði
- Opna ævintýralegar gönguleiðir á norðanverðu Skólavörðuholti
- Umhverfið þarf að taka tillit til dýralífsins – fugla – hunda – katta

Aðstaða

- Það þarf að tryggja þjónustu í nærumhverfi, innan gönguvegalengdar
-

Tryggja góðar almenningssamgöngur og öruggar göngu- og hjólaleiðir

- Útisundlaug í miðbæinn
 - hugsanlega við Barónsfjós

Umhverfismál

- Koma á umhverfisstefnu í flokkun sorps
 - hver rekstraraðili/ íbúi sjái um umhverfi síns húss, til að mynda hreinsa gangstétt, veggjakrot o.s.frv.
- Ekki hafa rútur í gangi í íbúagötum á nóttunni
- Gera reglulega hávaðamælingar á skemmtistöðum

Miðborgin og skipulagsmál

- Halda í hjartað
- Þar sem skipulagsmál ráðast af pólitík, er kallað eftir „gæðapólitík“
- Verndun götummynda er mikilvæg því þarf að tryggja að nýbyggingar taki betur mið af hlutföllum húsa í kring
- Varðveita gömul hús og að þau verði gluggi að menningarverðmætum
- Það þarf að hlúa að menningu og sögu
 - miðborgin er „þétt“ af sögu og minjum sem ekki verða sótt síðar ef þeim er eytt nú
 - það þarf að endurskoða stefnu í þessu samhengi (sbr. Stefeen Gulmann & Eric Holding)
- Það er skerðing á lífsgæðum annarra að hús séu látin „drabbast niður“
 - það þarf að herða róðurinn
- Ekki taka útsýni frá öðrum
- Auka gæði byggðar á Hverfisgötunni
 - gefa henni tilgang/ hlutverk – verslunar og uppbyggingar
- Það þarf að varðveita götummynd Laugavegarins
 - Hverfisgata fær að vera „modern“ á meðan Laugavegur heldur í hefðina
- Það á að banna heillímingar á glugga
- Setja upp ísbúð austan Lækjargötu
- Tryggja skapandi mannlíf á götum borgarinnar svo sem götuleikhús eða aðra skapandi hópa



SAMGÖNGUR

Grafarholt

Samgöngur

Umferð og mannvirki

Skipuleggja hverfið þannig að það dragi úr þörf fyrir skutl

Forðast gegnumstreymisumferð

Draga þarf úr hættu af umferð við íþróttasvæði og aðra samkomustaði

Bæta strætósamgöngur!!!

Strætó aki beina leið eftir Miklubraut fyrir nemana sérstaklega

Þangað til hverfið verður sjálfbært þarf að vera hægt að:

- taka einn vagn í bæinn
- beina leið í sund
- fara beint í Egilshöll (stoppa þar)

Ef MEST-húsið verður notað fyrir fimleika:

- þá þarf að tryggja strætó samgöngur

Gera þarf tengibraut Grafarholts, Kristnibraut/ Grundargeisla að vistvænni götu.

Það þarf að hægja mjög á umferðarhraða, t.d. setja blómakassa

Engan flugvöll á Hólmsheiði takk, við öikum í bæinn til að taka flug

Hjól og gangandi

Fólk þarf að geta sótt verslun og þjónustu innan hverfis á auðveldan hátt

- án þess að nota bíl að jafnaði

Staðsetja ætti kjarna hverfisins þannig að allir geti gengið sinna erinda

- bæði m.t.t. Úlfarsárdals og Grafarholts

Að „þorpið“ sé skipulagt þannig að maður þurfi ekki bíl innan hverfis

- ekki síður mikilvægt fyrir aldraða

Bæta þarf hjólaleiðir við Vínlandsleið

Huga þarf að hjólaleiðum í allar áttir

Bæta hjólaleiðir út Úlfarsárdal í Mosfellsbæ og miðbæ Reykjavíkur

Göngustígar eru mjög góðir í hverfinu, en það þarf að fjölga þeim og gera skíðagöngustíga

Árbær

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Það þarf að laga hættuleg gatnamót í hverfinu
 - til dæmis eru tvenn hættuleg gatnamót á Bæjarbraut, sérstaklega fyrir hjólandi umferð
- Það vantar umferðarljós á gatnamótum Bæjarbrautar og Hraunbæjar
- Setja upp umferðarljós við heilsugæsluna (til dæmis gönguljós)
- Hægja þarf á umferð við Rauðavatnsbílastæði, til dæmis með þrengingum
 - á þessum stað skapast oft hætta, til dæmis þegar börn eru að fara í og úr rútum

Bæta þarf strætósamgöngur með þarfir barna og eldra fólks í huga

- Góðar strætó verða að vera milli allra hverfishluta vegna t.d. safnskóla og af því það er bara ein sundlaug í hverfinu
 - koma á sérstökum innanhverfis-strætó sem mætti líka tengjast Grafarholti
- Endurvekja hraðferð strætó í miðbæinn
- Í Ásunum þarf að breyta graseyjum milli gangstéttar og götu í bílastæði.

Þessi svæði eru drullusvað því þau eru notuð sem bílastæði

- Ósk íbúa við Lækjar- og Lindarvað er að göturnar verði vistgötur
- Vegagjöld af Suðurlandsvegi renni til Árbæjar vegna verulegs ónáðis af veginum
- Vegagjöld myndu minnka bílaumferð, meðal annars á Suðurlandsvegi (subsidies)

Því samkvæmt lögmálum markaðarins hefur kostnaður áhrif á hegðun

- Ekki leggja hraðbrautir til að tengja einstaka hverfishluta
- Bílastæði kosta og það á að rukka fyrir þau.

Fjarlægja á bíla sem er lagt þar sem ekki eru bílastæði

- Ekki setja flugvöll á Hólmsheiði

Hjól og gangandi

- Tengingar milli hverfa þurfa að vera góðar
 - Börnin verða að vera örugg á sínum ferðum
 - Líta á til vel heppnaðra tenginga í Ártúnsholti
- Setja upp göngubrú milli Norðlingaholts og Seláss. Það þarf að vanda til staðsetningar hennar, sjá tillögu á korti

- Setja undirgöng milli Norðlingaholts og Árbæjar
 - tryggja að þau séu bæði opin, breið og vel lýst án blindbeygja og ekki of brött til að vel sjáist í gegn um þau
- Það þurfa að vera góðar tengingar fyrir gangandi umferð yfir á útivistarsvæðið við Rauðavatn
- Koma á hjóla-/ göngustígatengingu við Mjódd með brú yfir að Blesugróf
 - það vantar bara smá búið upp á til að fá tengingu sem heldur nokkurn veginn hæð
- Það vantar göngustíg norðan við Elliðaá, á milli stíflu og Rafveituheimilis
- Setja verður upp hindranir við enda göngustíga til að hægja á hjólum áður en þau koma út á götu
- Það vantar gangstétt norðan við Hraunbæ – frá Bónus og austur
- Það þarf að laga aðgengi að kjarnanum við Klettháls

Merkingar

- Laga þarf merkingar í hverfinu
 - til dæmis finna útlendingar ekki alltaf Árbæjarsafnið
- Setja upp skilti við hjóla- og göngustíga sem segja hvert þeir liggja

Laugardalur

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Auka hraða í 70 km á Sæbraut
 - Minnka hraða í 50 km á Sæbraut
 - 30 km hámarkshraði á Laugarásveginn: Fjölgun barna í hverfinu, hraðahindrandi aðgerðir og/eða mjókkarir
 - 30 km hámarkshraði að jafnaði í hverfum
 - Tryggja að ný samgöngumannvirki gangi ekki á gæði íbúa, s.s. hljóðvist og loftgæði
- Betri lífsgæði – ánægðari íbúar
- Fyrirhuguð lega Ósabrautar er ekki hentug
 - Tryggja þarf borgarmiðað umferðaröryggi
 - Umferð stærri bíla inn í hverfin hefur aukist, því þarf að bregðast við
 - Súðarvogur er tækifæri
 - Það vantar heildstæðar umferðarlausnir – Skeiðarvogurinn er dæmi um það
 - Við útfærslu á Sundabraut þarf að huga að hávaða m.t.t.. íbúðabyggð
 - Bæta þarf tengingar milli sveitarfélaga. Borgin taki frumkvæði í að sú vinna skili árangri.

Hjól og gangandi

- Tengja saman útivistarsvæðin á Laugarnestanga og í Laugardalur
- það tryggir öryggi barna og eldra fólks
- Huga þarf að samþættingu gangandi, hjólandi og akandi umferðar
 - Setja fleiri bekkir með stígum, þannig aukast líkur á að fólk fari gangandi
 - Laugardalur verði tilraunaverkefni – Útgangur vs. blönduð byggð
 - Sjálfbært hverfi
 - Vistvænt
- Grænt → Tengja græn svæði saman → grænar tengingar „landvernd“
- Tryggja jafnan rétt akandi, hjólandi og gangandi
 - Bæta þarf göngutengsl (stíga) við enda Laugarnessins

Grafarvogur

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Sundabraut – Hvar er besta staðsetning hennar?
 - athuga með að setja hana neðanjarðar
- Hallsvegur
 - verði óbreyttur frá því sem nú er
 - verði færður upp á Vesturlandsveg
- Fossaleyni nái upp á Korputorg
- Losna við hraðatraffík af Korpustaðavegi
- Margar hraðahindranir eru hættulegar t.d. við skólagarða
- Gatnamót við Gylfaflöt eru hættuleg
- Samræma þarf biðskyldu og hægri rétt innan hverfis
- Ekki leggja hraðbrautir um Gufunessvæðið – endurheimta náttúru svæðisins – leikjagarður og útivist
- Korpúlfstaðavegur liggur upp að lóð Korpuskóla. Þarf að verja lóðina með girðingu og/eða minnka umferðarhraða
- Gera útskot fyrir strætó á Hallsvegi hjá Kirkjugarði
- Endurhanna bílastæði við Egilshöll – nýta plássið betur fyrir bíla
- Gróður á hringtorgum er of hávaxinn

Hjól og gangandi

- Það þarf að bæta aðgengi fyrir gangandi við Egilshöll
- Setja betri göngustíga milli hverfa
- Göngu og hvíldarstígar eru góðir á jaðrinum en vantar inni í hverfinu
- Setja betri göngustíga við Spöng
- Setja göngu-/hjólástíg úr Staðarhverfi yfir í Víkurhverfi
- Tryggja gott og hratt aðgengi hjólandi fólks yfir Sundabraut
- Leggja betri veg út í Geldingarnes fyrir útivist
- Tryggja skipulag sem gerir ráð fyrir að flestir geti hjólað í vinnuna á 15 mínútum - brú yfir Elliðaárósa

Annað

- Sparnaðarráð – allar lagnir í stökk meðfram vegi

Kjalarnes

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Sundabraut/ Tvöföldun Vesturlandsvegjar frá Reykjavík til Hvalfjarðarganga
 - eða 2+ 1árangur felst í bættu umferðaröryggi
- Brautarholtsvegur
 - hraðahindranir og göngustígar
 - árangur felst í bættu umferðaröryggi vegfarenda
- Setja mislæg gatnamót á Vesturlandsveg heim að bæjunum, en nýta samt gömlu vegina heim að bæjunum
- Setja upp lýsingu á Vesturlandsvegi, frá Kollafjarðarbotni
- Það þarf að ganga frá stígum við undirgöngin og setja upp vegrið
 - felur í sér bætt aðgengi

Bæta þjónustu strætisvagna með tíðari ferðum

Hjól og gangandi

- Tenging við göngustígakerfi borgarinnar (líka fyrir hjólréiðamenn)
árangur felst í bættu öryggi og aukinni útivist
- Opna gömlu þjóðleiðina við Esjurætur fyrir gangandi og hestamenn í tengslum við græna trefilinn
 - árangur felst í fleiri möguleikum í útivist

Háaleiti

Samgöngur

Umferð og mannvirki

Hverfinu er skipt í mörg svæði með stórum götum og erfitt að komast yfir þær;

- tryggja umferð gangandi, fatlaðra, eldri borgara og hjólandi yfir umferðargötur
 - byggja brýr en ekki setja hættuleg undirgöng
 - hægja á umferð án „rykkja“ það er ekki einungis með uppsetningu á hraðahindrunum og þrengingum
 - Við endurskoðun skipulags þarf að horfa til þess hvernig bílar munu þróast
 - Flýta rafbílavæðingu til að bæta loftgæði
 - Auka og bæta almenningssamgöngur
 - Skipuleggja bílastæði utan við hverfin og almenningssamgöngur þaðan eins og gert er víða erlendis
 - Umbuna fyrir umferð þar sem fleiri en einn er í hverjum bíl
 - Stofnbrautir í og við hverfið hafa verið mjókkaðar og hægt á umferð án þess að horft hafi verið til heildarinnar
 - Bústaðavegin þarf að setja í stökk og Réttarholtsveginn í göng
 - setja brýr sem millibilslausn
 - Flýta framkvæmdum við tengingar austur vestur í borginni/ Kópavogi með göngum og Hlíðarfæti
 - Loka Bústaðaveginum við Reykjanesbraut
 - Loka Bústaðavegi til vesturs við Reykjanesbraut
 - samhliða þarf að huga að lausnum vegna aukinnar umferðar á Miklubraut
- skapar mikla möguleika á til dæmis bílastæðum fyrir Víking við Bjarkarás (Bústaðarreitur 10)
- Gera fleiri tilraunir í umferðarlausnum
 - það er hægt að bakka úr lausnum sem ekki virka
 - Setja þrengingar á Háaleitisbraut, sunnan Miklubrautar
 - Hægja á umferðarhraða í Hvassaleiti
 - Hvassaleitið er breið gata sem var strætóleið og býður upp á hraðakstur í dag
 - Loka Síðumúla við Fellsmúla
 - Stöðva umferð stórra bíla með háfermi um Réttarholtsveg
 - Stöðva umferð stórra bíla um Safamýri sem er vegna þröngra gatnamóta á mótum Ármúla og Háaleitisbrautar

Hjól og gangandi

- Það er slæmt aðgengi á milli skóla og íþróttasvæða vegna stórra umferðaræða sem skera hverfið
- Gangandi og hjólandi umferð þurfa að fá meira rými í götukassanum á kostnað bílsins
- Innan hverfisins er gangandi/ hjólandi umferð yfir Miklubraut orðin auðveldust
- Laga/ gera betri gönguleið frá göngubró að Kringlu
- Það þarf að passa upp á græna svæðið í Fossvoginum
- Á tveimur stöðum þarf að setja göng eða brú yfir Bústaðaveg
 - mikil umferð barna yfir götuna
- Setja gangbrautartengingu milli Álftamýrar og Lág múla vegna Heilsugæslu
- Loka fyrir aðgang bíla inn á göngustíga í Fossvogi
- Ávinningur bættra samgöngumannvirkja er:
 - fækkun slysa og þjóðhagsleg arðsemi
 - aukið öryggi fyrir fólk sem sækir fyrir vikið aukna þjónustu

Breiðholt

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Koma á frístundaskutlu innan borgarinnar
 - minnka skutl á börnum innan hverfis í frístundir
 - draga úr akstri foreldra
- börn séu búin með til dæmis íþróttaiðkun að loknum vinnudegi þá fæst aukinn tími fyrir fjölskylduna til að vera saman
- Setja upp undirgöng eða brú á móts við ÍR heimilið í Skógarseli
- Setja upp göngubrú á Breiðholtsbraut við Select
- Setja upp hraðahindrun við göngubraut í Mjódd við Stekkjarbakka
- Leggja hita í Höfðabakka – í götuna upp í Hólahverfi
- Hita upp Breiðholtsbraut upp við ljósín ofan við Stekkjarbakka
- Setja mislæg gatnamót á gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar
- Bæta samgöngur fyrir bæði gangandi og akandi milli Reykjavíkur og Kópavogs ofan Seljahverfis
- Minnka gegnumakstur um Breiðholtsbraut
 - Arnarnesvegur gæti orðið til að minnka gegnumakstur um hverfið
- Ýta undir að fleiri en einn ferðist saman í bíl
- Forráðamenn hætti að skutla börnum í skólann
- Fara í samgönguáttak, til dæmis með stórum fyrirtækjum
- Bæta umferðarmenningu
- Draga úr umferð einkabíla
- Tengja betur saman efra og neðra Breiðholtið og Seljahverfið við hin hverfin
 - til dæmis með ferðakláf eða spurvagni
- Lækka umferðarhraða og gera eitthvað í því að bílstjórar haldi sig á löglegum hraða
- Tengja Álfabakka við Kópavog
- Bæta þarf tengingar á milli hverfishluta
 - það er langt á milli undirganga

Hjól og gangandi

- Það þarf að passa upp á góðar göngutengingar við Vatnsendahæð

Setja grænar samgöngur í framkvæmd

- Bæta stígakerfi út úr hverfinu
- Leggja nýja stíga í jaðri hverfisins
- Leggja hringstíg um Breiðholtið
- Fjölga reiðhjólástígum
- Fjölga reiðstígum
- Enga reiðstíga

Hlíðar

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Áhyggjur eru af mikilli umferð en hugmyndir að úrlausnum í þeim efnum felast í t.d.:
að lækka umferðarhraða, til dæmis á Kringlumýrabraut, Snorrabraut og Bústaðavegi
að byggja betri hljómanir við stofnbrautir til að minnka hávaða og mengun og auka öryggi
 - setja stofnbrautir í stökk
 - fleiri hraðahindrunum, umferðarljósum, þrengingum og minni brautum
 - göngum þar sem umferð sunnan frá í miðbæ er beint undir Öskjuhlíð en ekki um Miklubraut eða Bústaðaveg
 - smástrætó í hverfi, til dæmis á stóra vinnustaði eins og HR
 - að athuga samræmingu/ sundrun á vinnutíma stórra vinnustaða
- Brú eða göng yfir Skerjafjörð því það þarf að létta umferð af stórum umferðaræðum

Setja á gjald fyrir að keyra inn á Miklubraut frá austri

- Gjald fyrir að leggja bílum
- Bílastæði við framhaldsskóla, Tækniskólann, KHÍ og HR verði gjaldskyld
- Færa KHÍ
- Ekki færa KHÍ
- Bílastæðakort fyrir íbúa
- Þrengja Snorrabraut samanber suðurhluta Lönguhlíðar
- Hraðaskilti (myndavélar) á Snorrabraut, Stakkholt, Lönguhlíð og Háteigsveg
- „Fasaskiptingu“ burt

Hjól og gangandi

- Gera sérstaka stefnumótun í hjóla- og göngustígagerð
- Athuga göngu- og hjólreiðatengsl hjá mislægum gatnamótum
- Hjólastígur á Lönguhlíð
- Gera mögulegt að hjóla gegn einstefnu í íbúðahverfum
- Gera hjólreiðaleið í gegn um hverfið (ekki endilega við Miklubraut)

- Göng eða brýr yfir Kringlumýrabraut og Snorrabraut vegna þess að hverfið er sundrað

Skipulag umferðar í Reykjavík:

- Hringleið þannig að Suðurgata sé framlengd yfir/ undir voginn yfir í Kópavog og Álftanes
- Framlengja Suðurlandsbraut í Austur, út að og yfir Elliðaár og yfir í Ártúnshöfða
- Ný staðsetning LSH verði austan Elliðaáa eða í Mjódd
- Halda flugvelli en fjarlægja norður/suðurbraut
- Merkja göngu-/ hjólaleiðir til dæmis að Val

Vesturbær

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Hvort flugvöllurinn er eða fer skiptir miklu máli fyrir samgöngur á svæðinu
 - sama á við um spítalann
- Það þarf að huga að uppbyggingu samgöngumiðstöðvar og tenginga til dæmis með almenningssamgöngum
- Hækkun eldsneytisverðs kallar á vistvænar samgöngur
- Það þarf að koma á virkari umferðarstýringu með hækkun stöðumælagjalda
 - nota upphæð gjaldsins sem skilaboð til bíleigenda
- Byggja brú yfir Hringbraut við Hofsvallagötu
- Það þarf að huga að samgöngum í og úr hverfinu
- Hringbrautin er farartálmi sem sker hverfið í tvennt
- Það þarf að bæta tengingar innan hverfisins sérstaklega með tilliti til barna – skóla og íþrótta
 - það krefst endurhönnunar samgöngukerfisins innan hverfisins
- Það er staðreynd að 80% iðkenda í KR kemur úr 200 metra radíus frá starfssvæðinu
 - það kallar á uppbyggingu á æfingasvæða víðar í hverfinu
- Það þarf að fjölga leiðum út úr hverfinu
 - það þarf að tengja Sæbrautina inn í hverfið
- Setja upp lestarkerfi
- Krafa er um strætókerfi sem virkar
- Það þarf að bæta strætósamgöngur
 - til dæmis er enginn strætó sem gengur á Korputorg
- Gera hverfisvagn/ strætó að veruleika
- Frítt í strætó, a.m.k. innan hverfis
- Neðanjarðar „metro“ kerfi leysir mörg umferðarmál a.m.k. þar sem byggðin er þéttust
 - fyrsta skrefið er hagkvæmniathugun
 - gott kerfi kostar um 50 milljarða króna – bílafloinn er endurnýjaður fyrir 200 milljarða á ári
- 30 km hámarkshraða á allar götur í hverfinu
- Það er blint horn við enda Neshaga við Hagatorg vegna trjáa sem skyggja sýn – þetta verður að laga

- Það þarf að þrengja Hofsvallagötu, Suðurgötu, Neshaga og Hjarðarhaga til að rýma fyrir hjólabrautum
- Fækka bensinstöðvum í hverfinu
- Loka Neshaga milli kirkjunnar og Melaskóla og Hagaskóla
- Byggja á Hagatorgi
- Halda Hagatorgi óbreyttu
- Halda flugvöllinum þar sem hann er
 - Öryggissjónarmið ef það þarf að rýma borgina
 - Þægindi fyrir þá sem fara út á land og einnig fyrir landsbyggðarfólk
- Færa flugvöllinn út á Geldingarnes og tengja hann með Sundabraut
- Tengja 101 við Vesturbæinn með undirgöngum með tilliti til þarfa KR
 - skapar meiri afþreyingu og tengingu við KR
- Landfyllingar verði notaðar fyrir bættar samgöngur en ekki aukna byggð
- Setja hluta af Hringbrautinni í stokk til að tengja hverfin saman
- Færa til hús til að liðka fyrir samgöngum, til dæmis undirgöngum undir götur
- Ekki þétta byggð meira í póstnúmerum 107 og 101
- Fjölga bílastæðum í 101
 - sýna sanngirni varðandi sektir fyrir að leggja bílum
 - þar sem aðstæður eru fyrir hendi á að leyfa bifreiðastöður upp á gangstéttir – það þarf að sýna raunsæi
- Ekki leyfa nýbyggingar nema með raunhæfum fjölda bílastæða
- Huga að byggingu miðlægra bílastæðahúsa fyrir hverfið, á svæðum sem „losna“
- Skapa skilyrði fyrir lágvöruverðsverslun á háskólagörðunum

Hjól og gangandi

- Það er umferðarhætta af hjólum á gangbrautum
- Það þarf að fjölga útibúum frá KR inni í hverfunum
- Hjól fái hærri forgang en bílar í umferðinni
 - til þess þarf að breyta merkingum

Annað

- Nýta aðstöðu í Háskólanum líka fyrir börn

Fegra hverfið

Miðborg

Samgöngur

Umferð og mannvirki

- Ekki fleiri mislæg gatnamót
- Ekki setja göng undir Skólavörðuholtið
- Ný Hringbraut og fleiri hraðbrautir verði að „greiðgötum“ með 40 km hámarkshraða
- 30 km hverfið gert raunverulegt samanber Vesturbæinn
 - setja upp sektarmyndavélar
- Fjölga vistgötum
- Það þarf að endurskapa Njarðargötu, Frakkastíg og Eiríksgötu á sambærilegan hátt og Skólavörðustíginn
 - huga að því að tryggja öryggi barna á leið í skólann
- Allt Skólavörðuholtið verði lagt steinlögn sem dregur úr umferðarhraða
- Breyta Laugavegi og Skólavörðustíg í göngugötur með rafknúnum strætó
- Það þarf að loka Austurstræti aftur fyrir bílaumferð
- Það á að loka Laugaveginum á góðviðrisdögum
- Ingólfstorg verði án götu að Fálkahúsinu
- Koma á bílastæðisgjöldum um öll Þingholtin nema fyrir íbúa
- Gjaldfrjáls bílastæði fyrir íbúa miðborgar
- Hækka bílprófsaldur til að fækka nemendum í framhaldsskólum sem eru á bílum
- Banna nagladekk vegna mengunar
- Minnka söltun gatna vegna mengunar
 - það er þarflaust að salta láréttar 30 km götur
- Steypa götur í stað þess að malbika

Almenningssamgöngur

- Það þarf að líta heilstætt á almenningssamgöngur
 - strætó A-Ö – það er gróði að hafa frítt í strætó ef allt er tekið með í reikninginn
 - ríkið komi að rekstri Strætó
 - það er sparnaður í að sleppa við að byggja umferðarmannvirki

- Bæta strætótengsl við skóla á Holtinu, svo sem Tækniskólann og Austurbæjarskóla
- Bæta strætósamgöngur meðal annars með miðborgarstrætó og þéttara neti leiða
- Allir almenningsvagnar verði strax knúnir rafmagni eða metan

Hjól og gangandi

- Það vantar hjóla- og göngustíga
- Samgönguleiðir eiga að vera fyrir fólk en ekki bíla í hverfinu
- Það er mikill hraði á reiðhjólum og hjólabrettum á Laugavegi (í báðar áttir)
 - því fylgir slyshætta

Flugvöllurinn

- Flugvöllurinn verði ein braut í vestur-austur með lengingu á norður-suður braut út í Skerjafjörð
 - Flugvöllurinn verði í Reykjavík sem ígildi aðalbrautarstöðvar

Skjól

- Fá fleiri tré á Skólavörðuholtið til að búa til skjól
- Það vantar skjól við helstu gönguleiðir milli miðborgar og háskólasvæðis/ Hótels Sögu/ o.s.frv.

